




Sjálfstætt starfandi tónlistarskólar



Innri endurskoðun og ráðgjöf
fagsvið innri endurskoðunar

24. Maí 2023
IER22120004



Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
1.2 Tilefni og markmið úttektar	4
1.3 Aðferðafræði og skoðunatriði	4
2. Samantekt niðurstaðna	5
3. Þjónustusamningar	6
4. Tónalaun – Launabókhalld	8
4.1 Eftirlit og eftirfylgni með þjónustusamningum	8
4.2 Ýmis samanburður á upplýsingum úr Tónalaunum	9
5. Rekstrarafkoma og efnahagur tónlistarskóla.....	15
6. Kannanir, fylgni við þjónustusamninga, niðurstöður, ábendingar og viðbrögð ábyrgðaraðila	17
Viðauki I - Áhættuflokkun ábendinga.....	23

1. Inngangur

Fagsvið innri endurskoðunar er starfseining innan Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar sem annast innri endurskoðun og veitir þannig óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf um stjórnarhætti, innra eftirlit og áhættustýringu sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur fyrirtækja og stofnana borgarinnar. Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs og nýtur skrifstofan faglegs sjálfstæðis í störfum sínum gagnvart allri stjórnsýslu borgarinnar. Fagsviðið starfar á grundvelli faglegrar umgjarðar sem Alþjóðasamtök innri endurskoðenda gefa út.

1.2 Tilefni og markmið úttektar

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs óskaði eftir úttekt á sjálfstætt starfandi tónlistarskólum. Til stendur að endurnýja samninga við sjálfstætt starfandi tónlistarskóla en núverandi samningar renna út vorið 2023.

Úttektin er ekki á endurskoðunaráætlun ársins 2022-23 en gengið var út frá því að kannað yrði hvernig framkvæmd og eftirfylgni þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi tónlistarskóla sé háttað. Einnig hvort um sé að ræða sviksemisáhættu varðandi upplýsingagjöf um launagreiðslur skólanna eða annarra upplýsinga til skóla- og frístundasviðs sem rekstrarframlag borgarinnar til tónlistarskóla byggir á.

1.3 Aðferðafræði og skoðunatriði

Gerð var athugun á helstu gögnum til þess að meta á hlutlægan hátt hvernig framkvæmd og eftirfylgni þjónustusamninga hafi verið á núverandi gildistíma þeirra. Ef í ljós koma augljósir hnökrar á framkvæmd, framvindu og eftirliti er gerð grein fyrir því.

Helstu skoðunatriði:

- Þjónustusamningar við 17 sjálfstætt starfandi tónlistarskóla
- Rekstrarframlag borgarinnar – umfang
- Launabókhald – Tónalaun
- Ársskýrslur og ársreikningar
- Verkferlar og viðmið við framkvæmd eftirlits með starfi tónlistarskólanna

Lög, reglur, samkomulag

Lög 75/1985 Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla

Reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla, samþykkt í borgarráði 11. maí 2017

Reglur um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda, 31. ágúst 2019

Samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, gildistími 01.01.2019-31.12.2021

2. Samantekt niðurstaðna

Meginþungi úttektar fólst í að meta framkvæmd og eftirfylgni þjónustusamninga en þar leikur hugbúnaðurinn Tónalaun veigamikil hlutverk. Tónlistarskólarnir fylla þar inn upplýsingar um nemendafjölda, launagreiðslur og tímafjölda og senda til SFS. Þar er farið yfir lykildreytur í þjónustusamningi, þ.e. fjölda greiddra tíma og kostnaðar á stund, og borið saman við heildaryfirlit í Tónalaunum.

Settar voru fram sjö ábendingar, þar af eru þrjár á appelsínugulu áhættustigi sem er nokkur áhætta og fjórar á gulu áhættustigi sem er lítil áhætta.

Ábendingar sem metnar með nokkra áhættu (appelsínugular) varða einkum þær upplýsingar sem koma út úr Tónalaunum, flækjustig og villuhættu og einnig er skortur á beinum samanburðartölum við lykildreytur í þjónustusamningum.

Til að meta réttleika og áreiðanleika upplýsinga í Tónalaunum var gerð margs konar samanburðarnálgun á greiddu framlagi við ýmis reiknuð gildi, s.s. launakostnað á nemendaígildi, kostnað á nemendastund og samanburð á heildarlaunum samkvæmt Tónalaunum við upplýsingar úr ársreikningi skólanna. Mikil frávik koma fram í öllum þessum samanburðarútreikningum, sem eru óútskýrð. Því er meginniðurstaðan sú að draga verður í efa áreiðanleika upplýsinga úr Tónalaunum, þar sem þær nýtast ekki við skilvirkt eftirlit, eru ekki afstemmanlegar við ytri upplýsingar eða villuprófaðar.

Stjórnendur SFS hafa farið yfir ábendingar og gera enga efnislegar athugasemdir.

3. Þjónustusamningar

Kaup Reykjavíkurborgar á tónlistarnámi hjá sjálfstætt starfandi tónlistarskólum skiptast í tvo meginflokka tónlistarnáms. Sá fyrri greiðist af borginni og sá seinni er miðlun á framlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga (JS) í gegnum borgarsjóð.

Fjárhæðir sem Jöfnunarsjóður ákveður eru greiddar til borgarinnar, sem síðan miðlar þeim (greiðir þær) til tónlistarskólanna.

1. Hljóðfæranám: Borgarfélagmunir nýtast við kennslu við grunnám og miðnám, sem nefnist neðra stig. Fjármunir frá Jöfnunarsjóði nýtast við kennslu í framhaldsnámi, sem nefnist efra stig.
2. Söngnám: Borgarfélagmuni má aðeins nota til kennslu við grunnám í söng; neðra stig. Fjármuni frá Jöfnunarsjóði má nota vegna miðnáms og framhaldsnáms; efra stig.


Skilgreining á neðra og efra stigi er því mismunandi eftir því hvort um er að ræða hljóðfæranám eða söngnám. Í hljóðfæranámi telst grunn- og miðstig vera neðra stig en í söngnámi telst grunnnám vera neðra stig og miðstig, framhaldsstig og viðbótarnám efra stig.

Skóla- og frístundasvið greiðir tónlistarskólum fjárframlag í samræmi við þjónustusamninga og miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði í samræmi við þjónustusamninga. Tónlistarskóli nýtir árlegt framlag til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindar eru í samningi við hann og skólarnir telja sig að lágmarki geta kennt m.v. heildarframlag.


Lykilbreytur í þjónustusamningum eru annars vegar fjöldi úthlutaðra nemendastunda og kostnaðar á stund sem byggir upphaflega á samsetningu kennara og stjórnenda og kjarasamningum við þá, en

síðastliðin ár hefur kostnaður á stund verið uppfærður m.v. breytingar á kjarasamningum.

Neðra stig: Framlag Reykjavíkur 2021-2022




Framlög til sjálfstætt starfandi tónlistarskóla Skólaárið 2021-2022



Heildarframlög til sjálfstætt starfandi tónlistarskóla nam 1.416 m.kr., þar af 1.119 m.kr. frá Reykjavíkurborg og 297 m.kr. frá Jöfnunarsjóði. Á súluriti hér til hliðar sést að Tónskóli Sigursveins er langstærsti tónlistarskólinn, með heildarframlag um 288 m.kr.

Elsti tónlistarskólinn, Tónmenntaskóli Reykjavíkur, er 70 ára en meðalaldur skólanna er 35 ár.

Heildartekjur samkvæmt ársreikningum skólaárið 2020-21 var 1,9 ma.kr, þar af nam borgarframlag 58% af heildartekjum.



4. Tónalaun – Launabókhald

Tónalaun er nafn á hugbúnaði sem fyrirtækið Taktur ehf. uppfærir árlega fyrir hvern skóla miðað við breytingar á kjarasamningum, lífeyrissjóðstillagi o.þ.h. Reykjavíkurborg greiðir rúmlega 3 m.kr. á ári í þjónustugjald fyrir hugbúnaðinn. Tónalaun er í raun excel líkan sem hefur að líkindum undið mjög upp á sig í árána rás. Líkanið telur alls 26 virka flipa með útreikningum sem byggja á innslætti notenda (starfsmenn skólanna) í gul-ljómaða dálka víðs vegar um líkanið. Flækjustig líkans er hátt og villuhætta einnig, þar sem notendur þurfa að skrá inn upplýsingar á mörgum stöðum. Líkanið getur nýst sem launabókhald en samkvæmt upplýsingum frá SFS nota mjög fáir skólar einungis Tónalaun, flestir þeirra eru með sín eigin launakerfi, skráningarkerfi og skólagjaldakerfi.

Upplýsingar sem nýtast fyrir eftirlit og samanburð er að finna undir flípanum „Heildaryfirlit“ í líkaninu en þar eru teknar saman upplýsingar víðs vegar úr líkaninu. Annars vegar er um að ræða áætlun skólaársins um kennslustundir, launagreiðslur, stöðugildi og nemendaígildi á hverju stigi, bæði fyrir kennsluveitarfélag og önnur sveitarfélög. Hins vegar er yfirlit og samtölur raunverulegra útborgana. Kennslustundir samtals eru umreiknaðar á grunnstig, þar sem kennd stund á miðstigi vegur meira en kennd stund á neðsta stigi.

4.1 Eftirlit og eftirfylgni með þjónustusamningum

Lykilbreytur sem SFS þarf úr Tónalaunum til skilvirks eftirlits og samanburðar við þjónustusamninga eru tvær; **fjöldi tíma** og **kostnaður pr. stund**. Líkanið gefur upp fjölda umreiknaðra stunda alls, en þeim er ekki skipt á milli nemenda í kennsluveitarfélagi og annarra sveitarfélaga. Þess vegna er ekki hægt að bera saman fjölda stunda sem greitt er fyrir við fjölda nemendastunda samkvæmt útreikningi í

líkani. Þá er ekki reiknaður út kostnaður á stund miðað við neðra stig og efra stig. Reiknaður er út launakostnaður á nemendaígildi miðað við alla nemendur skólans og þeim kostnaði síðan skipt á nemendaígildi í kennsluveitarfélagi annars vegar og í öðrum sveitarfélögum hins vegar.

Skólaárið 2020-21 var eftirliti SFS þannig háttað að raunkennslumagn samkvæmt Tónalaunum var borið saman við samningskennslumagn. Leiðrétting var gerð hjá þremur skólum sem höfðu fengið greitt umframmagn kennslustunda, samtals að fjárhæð 16,8 m.kr. Sambærilegt eftirlit hefur ekki farið fram vegna skólaársins 2021-2022.

Að mati IER er það mikill veikleiki að ekki sé hægt að gera samanburð á raunfjölda stunda og kostnað á stund í kennsluveitarfélagi fljótt og vel, án þess að fara út í sjálfstæða útreikninga sem byggja á nálgun og hlutfallsreikningum. Upplýsingar fyrir þessa útreikninga liggja fyrir í líkaninu en eru ekki aðgengilegar með auðveldum hætti þar sem margir dálkar og línur í líkaninu eru falin og læst. Ef bornar eru saman umreiknaðar kennslustundir alls fyrir alla nemendur og stundir samkvæmt samningi við Reykjavík eru flestir skólar með fleiri umreiknaðar stundir, sem skýrist t.d. af nemendum utan Reykjavíkur eða fleiri stjórnunarstundum.

Helsti eftirlitsþáttur SFS er að ganga úr skugga um að nemendur fái þær stundir sem greitt er fyrir samkvæmt þjónustusamningi. Verð á stund sem greitt er fyrir byggist á ákveðnu föstu verði, sem upphaflega byggðist af tiltekinni samsetningu og launastigi kennara og stjórnenda fyrir löngu síðan. Þetta verð hefur orðið ákveðinn fasti og tekið breytingum skv. kjarasamningum hverju sinni, t.d. 4% hækkun og þá er verð á stund hækkað um 4% til samræmis.

4.2 Ýmis samanburður á upplýsingum úr Tónalaunum

Til þess að staðfesta réttleika framlags til tónlistarskóla og leggja mat á áreiðanleika upplýsinga úr Tónalaunum, sem tónlistarskólar nota til að uppfylla upplýsingaskyldu sína eins og kveðið er á um í þjónustusamningi, gerði IER ýmsa samanburðarútreikninga sem koma fram í eftirfarandi töflum 1 – 6.

Eins og fram hefur komið sýnir líkanið Tónalaun ekki lykildreytur, þ.e. kostnað á stund og fjölda tíma í kennsluveitarfélagi, en framlag í þjónustusamningi byggir á þessum tveimur þáttum. Þá eru lykiltölur allra skóla samkvæmt heildaryfirliti hvergi dregnar saman á einn stað, en slík samantekt gæfi góða yfirsýn yfir starfsemi skólanna auk þess sem það myndi auðvelda yfirsýn og samanburð á þeim.

Tafla 1 sýnir samanburð á greiddu framlagi Reykjavíkurborgar við upplýsingar um samtals laun samkvæmt Tónalaunum. Laun vegna nemenda í Reykjavík miðast við meðalkostnað á nemendaígildi á neðra og efra stigi í líkaninu.

Níu tónlistarskólar fengu greitt um 63 m.kr. hærra framlag en Tónalaun gefur upp vegna nemenda í Reykjavík á neðra stigi, samkvæmt þessari samanburðarnálgun.

Þegar um misræmi eða veruleg frávik er að ræða, ber að fylgja því eftir og afla skýringa frá viðkomandi skóla. Í þeim tilfellum þar sem laun samkvæmt Tónalaunum eru hærri en framlag, getur skýringin verið sú að greidd eru hærri laun en framlag gerir ráð fyrir, stjórnunarstundir fleiri eða rangar upplýsingar.

Tafla 1. Samanburður á framlagi Reykjavíkur samkvæmt þjónustusamningi og launakostnaði samkvæmt Tónalaunum.

Skólaár 2021-2022 Samanburðartímabil 1.9 – 31.8	Greitt framlag neðra stig	Laun v. nemendur í Reykjavík	Mismunur á framlagi og Tónalaun neðra stig
	Agresso/Unit4	Tónalaun Neðra stig	
Núi tónlistarskólinn	73.682.227	73.234.734	-447.493
Tónmenntaskóli Reykjavíkur	106.764.227	108.043.090	1.278.863
Tónskóli Sigursveins D.	233.041.261	258.512.755	25.471.494
Söngskólinn í Reykjavík	29.026.024	24.689.226	-4.336.798
Tónlistarskóli F.Í.H.	95.600.034	67.241.244	-28.358.790
Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík	78.805.480	71.637.393	-7.168.087
Tónlistarskóli Eddu Borg	60.225.405	60.143.470	-81.935
Tónlistarskólinn í Grafarvogi	97.514.617	104.137.177	6.622.560
Tónlistarskólinn DO-RE-MI	74.368.277	73.678.561	-689.716
Tónlistarskóli Árbæjar	82.896.759	67.810.410	-15.086.349
Söngskóli Sigurðar Dementz	29.497.618	33.093.437	3.595.819
Allegro Suzukitónlistarskólinn	34.626.944	42.981.907	8.354.963
Tónlistarfélagið Strengir	34.760.024	37.995.624	3,235.600
Gítarskóli Íslands	33.261.604	43.957.343	10.695.739
Domus Vox	14.691.594	19.814.810	5.123.216
Tónstofa Valgerðar	30.464.142	28.133.181	-2.330.961
Píanóskóli Þorsteins Gauta	28.547.899	24.250.636	-4.297.263
Samtals	1.137.774.136	1.139.354.998	1.580.862

Tafla 2. Samanburður á framlagi Jöfnunarsjóðs og reiknuðum launakostnaði Tónalauna

Skólaár 2021-2022	Greitt framlag efra stig	Laun v. nemendur í Reykjavík	Mismunur á framlagi JS og Tónalaunum efra stig
Samanburðartímabil 1.9-31.8	Agresso/Unit4	Tónalaun efra stig	
Nýi tónlistarskólinn	16.942.954	10.898.513	-6.044.441
Tónskóli Sigursveins D.	54.681.077	51.452.219	-3.228.858
Söngskólinn í Reykjavík	90.964.971	47.436.679	-43.528.292
Tónlistarskóli F.Í.H.	5.981.939	17.231.993	11.250.054
Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík	6.585.963	18.048.940	11.462.977
Tónlistarskóli Eddu Borg	666.908	28.381	-638.527
Tónlistarskólinn í Grafarvogi	8.581.849	9.251.444	669.595
Tónlistarskólinn DO-RE-MI	9.002.598	10.107.081	1.104.483
Söngskóli Sigurðar Dementz	75.173.715	63.609.802	-11.563.913
Allegro Suzukitónlistarskólinn	1.891.597	0	-1.891.597
Domus Vox	10.825.159	15.035.584	4.210.425
Píanóskóli Þorsteins Gauta	4.520.677	4.844.449	323.772
Tónskóli Þjóðkirkjunnar	10.633.653	7.551.439 ¹	-3.082.214
Samtals	296.453.060	255.496.524	-40.956.536

Tafla 2 sýnir sambærilegan samanburð og tafla 1 nema um er að ræða nemendur á efra stigi og framlaginu er miðlað af Reykjavíkurborg til skólanna frá Jöfnunarsjóði. Gerðir eru þjónustusamningar um fjölda stunda og kostnað á stund, líkt og fyrir neðra stig.

Sjö tónlistarskólar fengu greitt um 70 m.kr. hærra framlag vegna nemenda í Reykjavík á efra stigi samkvæmt samanburðarnálgun þar sem framlag samkvæmt samningi er borið saman við meðalkostnað á nemendaígildi.

Skýringu á hærra framlagi má að öllum líkindum rekja til þess að greiðslur úr Jöfnunarsjóði byggja á upplýsingum fyrra árs. Ef nemendum og kennurum fækkar mikið milli ára gæti það leitt til þess að framlög árs verði hærri en raungreiðslur. Að sama skapi geta framlög frá Jöfnunarsjóði verið lægri en raungreiðslur ef nemendum hefur fjölgað milli ára. Reglur um framlög úr Jöfnunarsjóði gera ráð fyrir að heimilt er að veita tónlistarskóla tímabundna afkomutryggingu þannig að veruleg fækkun nemenda einstakra tónlistarskóla á yfirstandandi skólaári skerði framlag ekki að fullu fyrir en á næsta skólaári.

¹ Eingöngu laun vegna efra stigs, ekki er uppgæfin skipting milli sveitarfélaga, þar sem ekki er gerð krafa um að nemendur hafi lögheimili í Reykjavík.

Tafla 3 Leitast er við að bera saman kostnað á stund samkvæmt þjónustusamningi við reiknaðan kostnað á stund. Aðferð við að reikna út kostnað á stund byggist á upplýsingum úr Tónalaunum um umreiknaðar stundir alls á neðra og efra stigi deilt með launakostnaði á hverju stigi fyrir sig.

Kostnaður á stund samkvæmt þjónustusamningi byggist á ákveðnu föstu verði sem upphaflega tók mið af tiltekinni samsetningu og launastigi kennara og stjórnenda fyrir löngu síðan. Þetta verð hefur myndað ákveðinn fasta án tillits til breytinga á samsetningu og launastigi kennara í árána rás, en fjárhæðin hefur tekið breytingum samkvæmt kjarasamningum hverju sinni.

Samanburður í töflu 3 sýnir að reiknaður raunkostnaður á stund hjá öllum tónlistarskólum nema einum er *lægri* en greidd stund samkvæmt þjónustusamningi. Sama gildir um reiknaðan raunkostnað á stund á efra stigi, sem er mun lægri en meðalkostnaður samkvæmt þjónustusamningi.

Forsendur útreikninga á kostnaði á stund eins og þeir eru framkvæmdir í þjónustusamningi standast ekki lengur samanburð við raunupplýsingar úr Tónalaunum. Bilið milli greidds framlags og raunkostnaðar hefur breikkað verulega. Heildarfjöldi stunda samkvæmt samningi á neðra stigi voru 75.087 og má því leiða út að greiðsla samkvæmt samningum sé um 82 m.kr. hærrí en raunkostnaður á stund samkvæmt Tónalaunum. Sambærilegur mismunur á efra stigi nemur alls a.m.k. 43 m.kr.

Í ljósi þess að kostnaður á stund er mjög sambærilegur á milli flestra skóla er lagt til að skoðaður verði sá möguleiki að greitt verði sama verð á stund til allra tónlistarskóla.

Tafla 3: Samanburður á kostnaði á stund samkvæmt samningi og reiknuðum kostnaði á stund samkvæmt Tónalaunum

Skólaár 2021-2022	Kostnaður á stund Samningur neðra stig	Reiknaður kostnaður á stund neðra stig	Mismunur kostnaður Neðra stig
Nýi tónlistarskólinn	14.449	14.648	199
Tónmenntaskóli Reykjavíkur	14.280	13.929	-351
Tónskóli Sigursveins D.	15.240	14.516	-723
Söngskólinn í Reykjavík	14.702	12.604	-2.098
Tónlistarskóli F.Í.H.	15.132	13.402	-1.730
Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík	15.408	14.917	-491
Tónlistarskóli Eddu Borg	13.735	13.272	-463
Tónlistarskólinn í Grafarvogi	15.048	14.439	609
Tónlistarskólinn DO-RE-MI	14.938	14.643	-296
Tónlistarskóli Árbæjar	14.162	11.742	-2.420
Söngskóli Sigurðar Dementz	15.291	14.529	-762
Allegro Suzukitónlistarskólinn	15.872	14.996	-875
Tónlistarfélagið Strengir	13.636	12.088	-1.547
Gítarskóli Íslands	13.630	12.374	-1.256
Domus Vox	12.985	11.850	-1.136
Tónstofa Valgerðar	16.793	13.721	-3.072
Plánóskóli Þorsteins Gauta	13.067	11.984	-1.083
Meðalkostnaður Neðra stig	14.610	13.509	-1.101
Meðalkostnaður Efra stig	15.348	13.248	-2.100

Tafla 4. Samanburður á heildarlaunum samkvæmt Tónalaunum við ársreikninga

Skólaár 2021-2022	Tónalaun Heildarlaun og lt.gjöld	Ársreikningur Laun og lt.gjöld	Mismunur	Frávik %
Nýi tónlistarskólinn	94.822.014	98.497.839	3.675.825	4%
Tónmenntaskóli Reykjavíkur	108.043.090	109.662.226	1.619.136	1%
Tónskóli Sigursveins D.	325.967.658	354.067.915	28.100.257	9%
Söngskólinn í Reykjavík	103.085.553	137.549.075	34.463.522	33%
Tónlistarskóli F.Í.H.	102.050.613	118.177.637	16.127.024	16%
Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík	90.145.851	108.179.062	18.033.211	20%
Tónlistarskóli Eddu Borg	61.133.947	67.218.715	6.084.768	10%
Tónlistarskólinn í Grafarvogi	113.973.356	111.093.849	-2.879.507	-3%
Tónlistarskólinn DO-RE-MI	84.525.680	92.942.558	8.416.878	10%
Tónlistarskóli Árbæjar	69.253.045	88.644.600	19.391.555	28%
Söngskóli Sigurðar Dementz	119.220.262	124.418.374	5.198.112	4%
Allegro				
Suzukitónlistarskólinn	45.946.793	50.055.651	4.108.858	9%
Tónlistarfélagið Strengir	39.831.968	42.056.320	2.224.352	6%
Gítarskóli Íslands	45.338.943	Vantar		
Domus Vox	37.176.559	26.862.148	-10.314.411	-28%
Tónstofa Valgerðar	49.361.758	Vantar		
Píanóskóli Þorsteins Gauta	29.095.085	Vantar		
Kostnaður alls Neðra stig	1.518.972.175			

Tafla 4 Fjárhagsár tónlistarskólanna miðast við skólaárið eða frá 1. ágúst til 31. júlí. Samanburður á launum og launatengdum gjöldum í ársreikningi skólanna við heildarlaun og launatengd gjöld í Tónalaunum fyrir sama tímabil ætti að sýna sambærilega eða svipaða fjárhæð, innan vissra skekkjumarka. Mismunur gæti legið í launum ræstifólks eða bónusgreiðslum sem ekki koma fram í Tónalaunum.

Samantölur leiðir í ljós mikið frávik í nokkrum tilfellum, eða tuga milljóna mismun.

Ársreikningar tónlistarskólanna eru endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum og því eðlilegt að ganga út frá þeirri forsendu að launagreiðslur í ársreikningi séu áreiðanlegri en upplýsingar úr Tónalaunum.

Tafla 4 leiðir í ljós að draga verður í efa réttleika upplýsinga og fjárhæða í Tónalaunum hjá mörgum skólanna. Sérstaklega er athugunarvert þegar laun í ársreikningi eru lægri en heildarlaun samkvæmt Tónalaunum.

Tafla 5 sýnir launakostnað á nemendaígildi annars vegar á neðra stigi og hins vegar á efra stigi, auk fjölda nemendaígilda í hverjum skóla.

Meðalkostnaður á nemendaígildi á neðra stigi er 689.404 en í söngskólunum tveimur er kostnaður á nemendaígildi 60%-170% hærra en annarra tónlistarskóla, sem skýrist m.a. af undirleik einleikara söngnemenda.

Meðalkostnaður á nemendaígildi á efra stigi er 42% hærra en á neðra stigi.

Gagnlegt getur verið að bera saman kostnað á nemendaígildi milli skóla og leita nánari skýringa hjá þeim sem eru langt undir eða yfir meðaltali. Ætla mætti að kostnaður á nemendaígildi í skólum með færri nemendur sé hærri en í fjölmennari skólum. Slíkt er þó ekki algilt eins og tafla 5 ber með sér.

Lykiltölur skólanna samkvæmt heildaryfirliti eru hvergi dregnar saman í einu yfirlit eða líkani, en slík samantekt gæfi eftirlitsaðila góða yfirsýn yfir starfsemi skólanna auk þess sem það myndi auðvelda allan samanburð.

Tafla 5. Kostnaður á nemendaígildi, neðra og efra stig og fjöldi nemendaígilda

Skólaár 2021-2022 Reykjavík	Kostnaður á nemenda- ígildi neðra stig	Kostnaður á nemenda- ígildi efra stig	Fjöldi ígilda neðra stig	Fjöldi ígilda efra stig
Nýi tónlistarskólinn	619.164	1.037.954	118,28	10,5
Tónmenntaskóli Reykjavíkur	638.364		169,25	
Tónskóli Sigursveins D.	543.917	1.003.946	475,28	51,25
Söngskólinn í Reykjavík	1.881.801	1.416.020	13,12	33,5
Tónlistarskóli F.Í.H.	764.105	1.111.741	88	15,5
Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík	519.112	820.406	138	22
Tónlistarskóli Eddu Borg	469.871		128	
Tónlistarskólinn í Grafarvogi	534.037	1.027.938	195	9
Tónlistarskólinn DO-RE-MI	731.301	842.257	100,75	12
Tónlistarskóli Árbæjar	434.682	534.361	156	1
Söngskóli Sigurðar Dementz	1.114.632	1.355.909	29,69	46,5
Allegro Suzukitónlistarskólinn	517.854		83	
Tónlistarfélagið Strengir	667.761		56,9	
Gítarskóli Íslands	529.607		83	
Domus Vox	257.335	791.347	77	19
Tónstofa Valgerðar	714.040		39,4	
Píanóskóli Þorsteins Gauta	782.279	807.408	31	6
Meðalkostnaður Neðra stig	689.404	977.208	1.981,67	226,25

Tafla 6. Samanburður á raunkennslumagni og samningskennslumagni

Skólaár 2021-2022	Raun- Kennslu magn	Samnings Kennslu magn	Mismunur stunda	Framlag umfram samning alls
Nýi tónlistarskólinn	5.012,47	4.967	45,47	
Tónmenntaskóli Reykjavíkur	7.756,79	7.268	488,79	
Tónskóli Sigursveins D.	17.849,45	14.658	3.191,45	
Söngskólinn í Reykjavík	1.958,90	1.923	35,90	
Tónlistarskóli F.Í.H.	4.891,17	6.322	-1.430,83	21.650.931
Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík	4.798,47	4.976	-177,53	2.735.443
Tónlistarskóli Eddu Borg	4.533,34	4.271	262,34	
Tónlistarskólinn í Grafarvogi	7.215,60	6.312	903,60	
Tónlistarskólinn DO-RE-MI	5.032,30	4.849	183,30	
Tónlistarskóli Árbæjar	5.760,05	5.680	80,05	
Söngskóli Sigurðar Dementz	2,277,56	1.879	398,56	
Allegro Suzukitónlistarskólinn	2,889,76	2.125	764,76	
Tónlistarfélagið Strengir	3.143,14	2.483	660,14	
Gítarskóli Íslands	3.455,89	2.377	1,078,89	
Domus Vox	1.598,61	1.102	496,61	
Tónstofa Valgerðar	1.798,81	1.767	31,81	
Píanóskóli Þorsteins Gauta	2.023,64	2.128	-104,36	1.363.663
Samtals Neðra stig	81.996	75.087		25.750.037

Tafla 6 SFS framkvæmdi samanburð á raunmagni kennslustunda við fjölda samningsstunda á neðra stigi fyrir skólaárið 2020- 2021.

Notast var við hlutfall nemendaígildis á umreiknaðar stundir til þess að fá fjölda umreiknaðra stunda á neðra og efra stigi í kennslusveitarfélagi. Niðurstaða SFS leiddi í ljós að leiðrétta þurfti framlag hjá þremur skólum til lækkunar, samtals að fjárhæð 16,8 m.kr. Ekki hefur verið gerður sambærilegur samanburður fyrir skólaárið 2021-22.

Í töflu 6 gerir IER sambærilega útreikninga fyrir neðra stig á þann hátt að umreiknaðar stundir í Reykjavík voru fundnar út með því að nota hlutfall nemendaígildis í Reykjavík á neðra stigi við umreiknaðar stundir alls á neðra stigi. Samkvæmt útreikningum kemur í ljós að þrír skólar virðast hafa fengið framlag byggt á kennslumagni umfram samningskennslumagn, alls að fjárhæð 25,7 m.kr. vegna skólaársins 2021-2022.

Samantekt vegna samanburðar

Í töflum 1-6 hér að framan hafa verið gerðir ýmsir samanburðar-útreikningar í því skyni að staðfesta réttleika framlags til tónlistarskóla og áreiðanleika líkansins Tónalaun. Mikil frávik koma fram í öllum samanburði sem eru útskýrð og því verður að draga í efa réttleika og áreiðanleika upplýsinga úr Tónalaunum.

IER telur mikilvægt að einfalda bæði forsendur greiðsluframlaga og upplýsingagjafar. Líkanið Tónalaun er með mikið flækjustig og villuhættu. Eftirlit með þjónustusamningum þarf að vera skilvirkt, rekjanlegt og afstemmanlegt.

Lagt er til að notast verði við miðlægt innritunarkerfi, sambærilegt við leikskólakerfið Völu, þar sem hægt verði að nálgast upplýsingar fljótt og örugglega.

5. Rekstrarafkoma og efnahagur tónlistarskóla

Rekstrarform sjálfstætt rekinna tónlistarskóla er mismunandi; átta eru einkahlutafélög, sex eru sjálfseignarstofnanir, þrjú félagasamtök, ein þjóðkirkja.

Í töflu 7 má sjá helstu lykiltölur úr rekstri skólanna skólaárið 2020–21² miðað við rekstrarform.

Árið 2020-21 var óvenjulegt ár vegna Covid-19, engu að síður vekur athygli að afkoma einkahlutafélaga er mun betri samanborið við önnur rekstrarform.

Tvær sjálfseignarstofnanir eru með neikvætt eigið fé, samtals 2,2 m.kr., og tvö einkahlutafélög eru með neikvætt eigið fé, alls 21 m.kr., og veruleg óvissa um rekstrarhæfi þeirra.

Allar sjálfseignarstofnanir voru reknar með tapi, þar af tvær stærstu með samtals 58 m.kr. tapi. Nokkrar sjálfseignarstofnanir eiga fasteignir sem eru bókfærðar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum en fasteignamat og brunabótamat er mun hærra og því er um umtalsverðan dulinn varasjóð hjá þeim. Launahlutfall samanborið við tekjuhlutfall er lægra hjá einkahlutafélögum sem er vísbending um að sjálfseignarstofnanir greiði hærri laun. Allir skólar skila endurskoðuðum ársreikningi frá löggiltum endurskoðanda, með ítarlegum sundurliðunum og skýringum sem gefa glögga mynd af rekstrinum, sérstaklega hjá sjálfseignarstofnunum.

Tafla 7.. Rekstrarafkoma og efnahagur eftir rekstrarformi

Í þús.kr	Einkahluta- félög 8 skólar	Sjálfseigna- stofnanir 6 skólar	Félaga- samtök 3 skólar	Þjóð- kirkja 1 skóli	Samtals
Heildartekjur	564.686	929.033	363.786	38.604	1.896.109
þ.a. frá Reykjavík	373.050	465.513	262.799	0	1.101.362
þ.a. Jöfnunarsjóður	32.225	221.209	10.433	12.459	276.357
Aðrar tekjur	159.382	242.310	90.554	26.145	518.390
Tekjur % af heild	30%	49%	19%	2%	
Heildarkostnaður	541.240	1.001.035	368.095	36.123	1.946.493
þ.a. laun og lt.gjöld	442.637	891.879	299.969	29.353	1.663.838
Laun % af heild	27%	54%	18%	2%	
Hagnaður/tap	23.447	- 72.002	- 4.309	2.481	-50.384
Eignir	102.479	433.834	62.047	36.505	634.866
Skuldir	53.224	107.354	35.646	3.947	200.171
Eigið fé	49.256	326.480	26.401	32.558	434.695
Eiginfjárlutfall	48%	75%	43%	89%	68%

² Ekki var hægt að skoða skólaárið 2021-2022 þar sem skilum á ársreikningum var ekki lokið þegar úttekt var unnin, en skilafrestur er 1. febrúar ár hvert.

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir eftir rýni á ársreikningum tónlistarskóla, en ekki höfðu allir skilað ársreikning vegna skólaársins 2021-2022. Upplýsingar um fjölda nemenda er úr Tónalaunum skólaárið 2021-2022 samkvæmt nemendalista.

Tónlistarskóli	Afkoma og helstu kennitölur	Rýni og athugasemdir IER
Allegro Suzukitónlistarskólinn ses Fjöldi nemenda: 95	2020/21 Eiginfjárlutfall neikvætt -60,3% Taprekstur 2019-20 og 2020-21	Skýrsla stjórnar er ekki hluti af ársreikningi, en lögg. endurskoðandi vísar í hana og gerir ekki athugasemdir um rekstrarhæfi.
Söngskólinn Domus Vox ehf Fjöldi nemenda: 138	2020/21 Eiginfjárlutfall neikvætt -1.270% eða 8,4 m.kr. Samfelldur taprekstur frá árinu 2014	Verulegur vafi um áframhaldandi rekstrarhæfi skólans. Uppsafnað ójafnað skattalegt tap frá 2014 9 m.kr.
Söngskóli Sigurðar Demetz ses Fjöldi nemenda: 111	2021/22 Eiginfjárlutfall neikvætt -26% Taprekstur 2020-21 og 2021-22	Stofnunin á í greiðsluferfiðleikum með viðvarandi lágt veltufjárlutfall. Skuld við tengda aðila er skuld við skólastjóra. Skýrsla stjórnar fjallar ekki um rekstrarhæfi.
Söngskólinn í Reykjavík ses Fjöldi nemenda: 84	2021/22 Eiginfjárlutfall jákvætt 77% og veltufjárlutfall sterkt 1,29 Taprekstur samfelldur sl. 5 ár alls 128,6 m.kr.	Taprekstur sl. þriggja ára fjármagnaður með langtímalánum, alls 60 m.kr. Fasteignamat er 44 m.kr. hærra en bókfært verð. Kostnaður pr. nemendaígildi á neðra og efra stigi er 65% (neðra stig) og 178% (efra stig), hærra en meðalkostnaður annarra tónlistarskóla.
Tónlistarskólinn í Grafarvogi ehf Fjöldi nemenda: 207	2020/21 Eiginfjárlutfall neikvætt -429,7%	Veltufjárlutfall er 0, félagið er ógjaldhæft. Rekstrarhæfi byggist á þolinmæði lánardrottna. Félagið hefur verið rekið með hagnaði sl. 2 ár a.m.k. og hefur hagnaður nýst til að lækka yfirdráttarlán og greiða skuldir.
Tónlistarskóli Árbæjar ehf Fjöldi nemenda: 203	2021/22 Eiginfjárlutfall fer úr 66% 2020-21 í 7% vegna greiðslu arðs. Taprekstur vegna 11,2% hækkun rekstrarkostnaðar.	Veltufjárlutfall lækkar í 0,58, að líkindum vegna aukinna skammtímaskulda sem eru að stórum hluta ógreiddur arður til eiganda. Engin skilyrði um arðgreiðslur til einkahlutafélaga í þjónustusamningi.

6. Kannanir, fylgni við þjónustusamninga, niðurstöður, ábendingar og viðbrögð ábyrgðaraðila

Áhættu-flokkun	Kannanir	Niðurstaða	Ábendingar og tillögur	Ábyrgðar-aðili	Tímasett aðgerðaráætlun stjórnenda
	1. Tónlistarskólar skulu innheimta skólagjöld, sem er ætlað að standa undir öðrum kostnaði en launakostnaði kennara og skólastjóra, sbr. grein 5.7 í reglum um þjónustusamninga.	Fjórir skólar gefa ekki upp sundurliðun á skólagjöldum í ársreikningi, allt einkahlutafélög. Skólagjöld á nemanda 2020-2021 var 143 þús. kr. að meðaltali en skólagjöld í söngskólum eru hæst, eða um 275 þús.kr. að meðaltali. Skólagjöld koma ekki fram á heimasíðu allra skóla og samanburður á milli skóla er erfiður þar sem nám er ekki skilgreint eins.	Farið verði fram á að tekjur einkahlutafélaga verði sundurliðaðar í opinbera styrki, skólagjöld og aðra styrki. Skólagjöld skal birta á heimasíðu skólanna.	Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs	
	2. Tónlistarskóli þarf að jafnaði að hafa a.m.k. 150 nemendur eða ígildi þess fjölda á grunnstigi, sbr. grein 9 í reglum um þjónustusamninga.	Ellefu skólar af sautján uppfylla ekki þessi skilyrði, eða 65%. Bráðabirgðaákvæði var sett í reglur vegna skólaársins 2016-2017 hjá þeim skólum sem voru með samninga árið 2012 að lágmarksfjöldi nemenda eigi ekki við. Þessu ákvæði hefur síðan verið framlengt án breytinga. „Setja þarf upp raunhæfa áætlun um lágmarksstærð þeirra tónlistarskóla sem samið verði við til framtíðar“ ³	Rökstuðningur fyrir undanþágu frá settum reglum þarf að liggja fyrir. Tekið er undir tillögur í innleiðingaráætlun um stefnu og framtíðarskipan varðandi að gerð verði raunhæf áætlun um lágmarksstærð, þannig að raunveruleikinn standist skoðun miðað við gerða samninga og að bráðabirgðaákvæðum um undanþágu sé ekki framlengt til margra ára.	Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs	

³ Innleiðingaráætlun stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030, 21.03.2022

Áhættu-flokkun	Kannanir	Niðurstaða	Ábendingar og tillögur	Ábyrgðar-aðili	Tímasett aðgerðaráætlun stjórnenda
	<p>3. Upplýsingagjöf og eftirlit. Yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans, laun og kennslu og upplýsingar um nemendafjölda.</p>	<p>Tónalaun, hugbúnaður /líkan sem SFS greiðir árgjald fyrir, útfyllt af starfsmönnum skólanna. Sjá umfjöllun um Tónalaun í kafla 4 og 4.1.</p> <p>Líkani er skilað til SFS til yfirferðar. Könnun er gerð á raunkennslumagni í samanburði við þjónustusamning. Ef kennslustundir eru færri en samningur er framlag lækkað til samræmis. Þannig var framlag vegna skólaársins 2020-21 lækkað um 16.8 m.kr. vegna þessa misræmis. Könnun á raunkennslumagni vegna skólaársins 2021-2022 hefur ekki farið fram af hálfu SFS, sjá töflu 6 á bls. 14.</p> <p>Enga samantekt eða samanburð milli skóla er að finna í Tónalaunum, sem gerir markvisst eftirlit óskilvirkt, því eftirlitsaðili þarf að sækja og skrá upplýsingar frá öllum skólunum í eitt samanburðarlíkan, sem eykur villuáhættu og er tímafrekt.</p> <p>Meginsviksemisáhættur varðandi þjónustusamninga eru einkum tvær; a) ef skólinn uppfyllir ekki kennsluskyldu sem greitt er fyrir samkvæmt þjónustusamningi og b) ef hluti framlags fer til greiðslu annars kostnaðar en launa- og stjórnunarkostnaðar sem tilgreint er í samningi.</p>	<p>Minnka þarf flækjustig og villuhættu í upplýsingagjöf frá tónlistarskólum til SFS. Lagt er til að skoðaður verði möguleiki á miðlægu innritunarkerfi, sambærilegt við leikskólakerfið Völu, þar sem hægt er að nálgast upplýsingar fljótt og örugglega.</p> <p>Skoðað verði að greiða sama verð á stund til allra tónlistarskóla og að Tónalaun líkan verði einfaldað eða aflagt og nauðsynlegar upplýsingar um raunkennslumagn verði tiltækar á miðlægu innritunarkerfi.</p> <p>Upplýsingar þurfa að liggja fyrir um raunmagn og raunfjárhæð í lykilbreytum sem þjónustusamningur byggist á, þ.e. fjöldi stunda og kostnaður á stund.</p> <p>Eftirlit með þjónustusamningum þarf að vera skilvirkt og rekjanlegt.</p>	<p>Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs</p>	

Áhættu-flokkun	Kannanir	Niðurstaða	Ábendingar og tillögur	Ábyrgðar-aðili	Tímasett aðgerðaráætlun stjórnenda
	<p>4. Samanburður á greiðslu-framlagi Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs við launakostnað tónlistarskólanna skólaárið 2021-2022.</p> <p>Aðferð: Samunburðarnálgun, greitt framlag borið saman við meðal launakostnað á nemendaígildi í kennsluveitarfélagi (Reykjavík) Tafla 1 og tafla 2</p>	<p>Níu tónlistarskólar fengu alls greitt um 63 m.kr. hærra framlag vegna nemenda í Reykjavík á neðra stigi, samkvæmt samanburðarnálgun þar sem greitt framlag er borið saman við meðalkostnað á nemendaígildi sem Tónalaun líkanið reiknar út.</p> <p>Sjö tónlistarskólar fengu greitt um 70 m.kr. hærra framlag vegna nemenda í Reykjavík á efra stigi, samkvæmt samanburðarnálgun þar sem framlag samkvæmt samningi er borið saman við meðalkostnað á nemendaígildi.</p> <p>Greiðslur úr Jöfnunarsjóði byggja á upplýsingum fyrra árs. Ef nemendum og kennurum fækkar mikið milli ára gæti það leitt til þess að framlög árs verði hærri en raungreiðslur.</p> <p>Gerður var samanburður á kennslumagni á neðra stigi fyrir skólaárið 2020-21 þar sem leiðrétting á framlagi nam alls 16,8 m.kr. til lækkunar.</p> <p>SFS hefur ekki gert samanburð á kennslumagni vegna skólaársins 2021-22 sem er hér til skoðunar.</p> <p>Kafla 4.1</p>	<p>Þegar um misræmi eða veruleg frávik er að ræða þarf að fylgja því eftir og afla skýringa og leiðréttu framlag til samræmis ef við á.</p> <p>Í samræmi við reglur um framlög úr Jöfnunarsjóði til stuðnings við tónlistarnám ber sveitarfélagi að gæta þess að framlag til einstakra tónlistarskóla nemi ekki hærri fjárhæð en heimilt er og tilkynna Jöfnunarsjóði ef forsendur fyrir úthlutun framlaga breytast.</p>	<p>Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs</p>	

Áhættu- flokkun	Kannanir	Niðurstaða	Ábendingar og tillögur	Ábyrgðar- aðili	Tímasett aðgerðaráætlun stjórnenda
	<p>5. Kostnaður á nemendastund: Samanburður á kostnaði í þjónustusamningi og raunkostnaði í Tónalaunum miðað við umreiknaðar stundir.</p> <p>Sammanburður á heildarlaunum samkvæmt Tónalaunum og upplýsingum úr ársreikningi skólanna.</p> <p>Tafla 3 og tafla 4 bls. 11 og 12</p>	<p>Kostnaður á stund samkvæmt þjónustusamningi byggist á ákveðnu föstu verði sem upphaflega tók mið af tiltekinni samsetningu og launastigi kennara og stjórnenda fyrir löngu síðan. Þetta verð hefur myndað ákveðinn fasta án tillits til samsetningar og launastigs kennara og tekið breytingum samkvæmt kjarasamningum hverju sinni. Samanburður í töflu 3 sýnir að allur reiknaður kostnaður á stund hjá öllum tónlistarskólum nema einum er <i>lægri</i> en greidd stund samkvæmt þjónustusamningi.</p> <p>Alls er greitt fyrir 75.087 stundir á neðra stigi og er meðalverð á stund 1.101 kr. hærra en raunverð samkvæmt Tónalaunum. Samtals er því greitt 82 m.kr. hærra framlag en raunkostnaður á stund er. Mismunur er einnig nokkur á efra stigi, sem gæti að hluta til skýrst af breytingum á nemendafjölda milli ára, en framlag JS byggir framlag núverandi árs á upplýsingum fyrra árs.</p> <p>Sammanburður á launum og launatengdum gjöldum í ársreikningi og heildarfjárhæð Tónalauna stemmir ekki. Í tveimur tilfellum eru heildarlaun Tónalauna hærra en kemur fram í ársreikningi og munar verulegum fjárhæðum í öðru tilfalli.. Sjá töflu 4 bls. 12.</p>	<p>Endurskoða þarf notkun og virkni líkansins Tónalaun í heild sinni.</p> <p>Í stað þess að greiða mismunandi verð á nemendastund sem miðast við úreltar upplýsingar, ætti að skoða möguleika á að ákveða fast verð pr. stund fyrir alla skólana.</p> <p>Leita þarf skýringa á misræmi milli upplýsinga um heildarlaun úr Tónalaunum og ársreikningum.</p> <p>Mikil frávik koma fram í öllum samanburðarútreikningum, sem eru óútskýrð og því er réttlæiki og áreiðanleiki upplýsinga í Tónalaunum dreginn í efa og nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að bæta bæði áreiðanleika upplýsinga og virkni eftirlits.</p> <p>Hátt flækjustig líkans og mikil villuhætta er líklegur orsakavaldur. Gera verður þá lágmarkskröfu að upplýsingar úr líkani séu afstemmanlegar og villuprófaðar með einhverjum hætti.</p>	<p>Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs</p>	

Áhættu-flokkun	Kannanir	Niðurstaða	Ábendingar og tillögur	Ábyrgðar-aðili	Tímasett aðgerðaráætlun stjórnenda
	6. Ársreikningar og Tónalaun. Skil á upplýsingum og eftirfylgni. Skilafrestur ársreikninga er 1. febrúar ár hvert.	<p>Allir ársreikningar eru endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum. Tónalaun líkani fyrir skólaárið 2020-21 var skilað á tímabilinu 13.12.2021-7.3.2022.</p> <p>Skil á ársreikningum pr. 31.7.2021; þrettán af átján var skilað fyrir 28. febrúar, fjórum skilað í mars og einn hefur ekki skilað. SFS sendir áminningar og ítrekanir um skil á Tónalaunum og ársreikningum.</p> <p>Ársreikningar sjálfseignarstofnana (ses) eru almennt með mjög ítarlegum og góðum skýringum. Skýringar í ársreikningum einkahlutafélaga eru ekki eins ítarlegar. Ekki var t.d. hægt að greina hlut skólagjalda í tekjum hjá öllum skólum.</p> <p>Þrjár ársreikningar vegna ársins 2021-22 höfðu ekki skilað sér þann 30.3.2023.</p>	Sundurliðun og skýringar í ársreikningum einkahlutafélaga þurfa að vera betri og ítarlegri. Sett verði viðmið um ítarlegri sundurliðanir varðandi tekjur og gjöld.	Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs	

Áhættu- flokkun	Kannanir	Niðurstaða	Ábendingar og tillögur	Ábyrgðar- aðili	Tímasett aðgerðaráætlun stjórnenda
	<p>7. Greining ársreikninga, fjárhagsleg staða tónlistarskóla og eftirlit. Fjárhagsárið 1.8.2020-31.7.2021.</p>	<p>Ársreikningar sjálfseignarstofnana (ses) eru almennt með mjög ítarlegar og góðar skýringar. Greining á afkomu miðað við rekstrarform sýndi að allar ses voru reknar með tapi, alls 72 m.kr., en samanlagður hagnaður einkahlutafélaga (ehf) var 23 m.kr. Þó leikur vafi á rekstrar- og gjaldhæfi tveggja einkahlutafélaga vegna neikvæðs eigin fés og tapreksturs.</p> <p>Engar kvaðir eru í þjónustusamningi varðandi arðgreiðslur einkahlutafélaga, en eitt félag greiddi út arð á árinu 2021-22 sem olli því að eiginfjárlutfall féll úr 66% í 7% og tap var á rekstri félagsins.</p> <p>Verklagsreglur/vinnuferlar um eftirlit með tónlistarskólum liggja ekki fyrir, en starfsmaður hjá SFS hefur séð um að senda áminningar og ítrekanir varðandi skil og reiknað út fjárhæð samninga. Þá hafa allir skólarnir verið heimsóttir með það að markmiði að efla tengsl.</p> <p>Sjá nánar kafla 5 bls. 15-16.</p>	<p>Sett verði viðmið og leiðbeiningar um rýni ársreikninga og viðbrögð SFS ef tónlistarskóli er með neikvætt eigið fé og óviðunandi rekstrar- og gjaldhæfi.</p>	<p>Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs</p>	

Viðauki I - Áhættuflokkun ábendinga

Viðmið	● Mikil áhætta	● Nokkur áhætta	● Lítil áhætta
Áhrif á fjárhagslega stöðu og/eða áreiðanleika gagna Hættan á fjárhagstjóni eða skorti á áreiðanleika gagna	Líkur eru á verulegum neikvæðum fjárhagslegum áhrifum, eða skorti á áreiðanleika gagna/upplýsinga í fjárhagsupplýsingakerfum	Líkur eru á neikvæðum fjárhagslegum áhrifum, eða skorti á áreiðanleika gagna	Takmarkaðar líkur á neikvæðum fjárhagslegum áhrifum eða skorti á áreiðanleika gagna
Sviksemisáhætta. Hættan á því að sviksemi eigi sér stað, t.d. vegna skorts á starfaaðgreiningu	Miklar líkur á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og/eða mikil tækifæri til sviksemi	Líkur á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og/eða tækifæri til sviksemi	Takmörkuð hættan á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka
Innri reglur og skriflegar leiðbeiningar Stefnur, verklagsreglur, verkferlar og leiðbeiningar	Miklar líkur á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og/eða mikil tækifæri til sviksemi	Vantar mikilvæga þætti inn í ferla og reglur og/eða nokkuð um frávik frá fylgni við reglur	Tækifæri til að bæta ferla og reglur og/eða einstaka frávik frá fylgni við reglur
Ytri kröfur. Lög, reglur, reglugerðir, leiðbeinandi tilmæli	Engin fylgni við lög og reglur eða tíð frávik	Nokkuð um frávik frá fylgni við lög og reglur	Tækifæri til að bæta enn frekar fylgni við lög og reglur
Orðsporsáhætta. Hættan á því að orðspor laskist	Miklar líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun	Líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun	Takmarkaðar líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun
Tímabrestur viðbragða			
Meginregla tímaramma en frá honum geta verið eðlileg frávik ákveðin í hverju tilviki fyrir sig, til dæmis ef flækjustuðull viðbragða er mikill	Sem fyrst, innan 3ja mánaða	Innan 6 mánaða	Innan 12 mánaða

